



**Barnaheill**

ÁRSSKÝRSLA 2022

# Stjórn og starfsmenn



## Barnaheill

### Barnaheill – Save the Children á Íslandi 2022

#### Stjórn

##### Framkvæmdastjórn:

Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður  
Bjarni Torfi Álfþórsson, varaformaður

##### Aðrir stjórnarmenn:

Bergrún Íris Sævarsdóttir  
Brynja Dan Gunnarsdóttir  
Elísabet Guðmundsdóttir  
Funi Sigurðsson  
Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir  
Pétur Óli Gíslason  
Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir  
Sólveig Rós Másdóttir

#### Starfsmenn

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri (til 30. september)  
Ellen Calmon, framkvæmdastjóri (frá 15. september)  
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri og leiðtogi erlendra verkefna  
Linda Hrönn Þórisdóttir, leiðtogi innlendra verkefna  
Ágústa K. Marisdóttir, bókarí (til 1. apríl)  
Berglind Sigmarsdóttir, gjaldkeri og þjónustufulltrúi (frá 1. apríl)  
Birna Guðmundsdóttir, gjaldkeri og þjónustufulltrúi (til 1. apríl)  
Guðrún Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna  
Ída Björg Unnarsdóttir, sérfræðingur í fræðslu og forvörnum (frá 1. ágúst)  
Kolbrún Pálsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála og erlendra verkefna  
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna

Matthías F. Matthíasson, verkefnastjóri innlendra verkefna  
Sigríður Björnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna (til 1. apríl)  
Þóra Björnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna  
Þóra Jónsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna  
**Tímabundið:**  
Anton Ström, kynningarmál og fjáraflanir (til 28. febrúar)  
Agnes Ósk Egilsdóttir, í innlendum verkefnum í september.

#### Nefndir

##### Kjörnefnd

María Sólbergisdóttir  
Guðmundur Steingrímsson  
Páll Valur Björnsson

##### Til vara:

Ólafur Ó. Guðmundsson  
Þórarinn Eldjárn

##### Laganefnd

Alexander Hafþórsson  
Elísabet Guðmundsdóttir  
Bryndís B. Gunnarsdóttir

##### Til vara:

Anni Haugen  
Gná Guðjónsdóttir

##### Skoðunarmenn reikninga

Ása Kristbjörg Karlsdóttir  
Ágústa Katrín Marisdóttir

##### Fulltrúar í stjórn

##### Mannréttindaskrifstofu Íslands

Áslaug Björgvinsdóttir, aðalmaður  
Erna Reynisdóttir, varamaður

##### Bókarí

Ellen Blomsterberg

##### Löggiltur endurskoðandi

Sigríður Ármannsdóttir, *Apal ehf.*



#### Stjórn Barnaheilla 2022 - 2023.

F.v. Harpa Rut Hilmarsdóttir (formaður), Bjarni Torfi Álfþórsson (varaformaður), Bergrún Íris Sævarsdóttir, Pétur Óli Gíslason, Elísabet Guðmundsdóttir, Brynja Dan Gunnarsdóttir, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Sólveig Rós Másdóttir og Funi Sigurðsson. Á myndina vantar Guðrúnu Helgu Jóhannsdóttur.



#### Starfsfólk Barnaheilla.

F.v. Berglind Sigmarsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Ída Björg Unnarsdóttir, Linda Hrönn Þórisdóttir, Þóra Björnsdóttir, Margrét Júlía Rafnsdóttir, Kolbrún Pálsdóttir og Guðrún Helga Bjarnadóttir.

#### Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir.

## Efnisyfirlit

- 3 Frá formanni
- 4 Líf og þroski
- 6 Menntun
- 7 Vernd gegn ofbeldi
- 8 Þátttaka
- 9 Fjáröflun
- 10 Erlent starf
- 11 Tekjur og gjöld
- 12 Þakkir

#### Ársskýrsla 2022

Barnaheill – Save the Children á Íslandi  
Reykjavík, maí 2023

Prentvinnsla: Litróf – Umhverfsvottuð prentsmiðja  
Forsíðumynd: Logi Davíðsson Lamude  
og Hekla Aicha Helgudóttir Diop, ásamt Blæ.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Samtökin eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í 118 löndum.

Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var ein fyrsta baráttumanneskjan fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélag.

Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

Vefsíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is).

# Frá formanni

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vinna að réttindum og velferð barna með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Tilgangur samtakanna er að stuðla að heimi þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs og þroska, menntunar, verndar og áhrifa í samfélaginu.

Á síðastliðnum árum hafa samtökin stækkað og eflst og árið 2022 var þar engin undantekning.

Megináhersla Barnaheilla er sem fyrr vernd gegn ofbeldi á börnum. Umfangsmestu innlendu verkefni samtakanna eru *Vinátta* – forvarnaverkefni gegn einelti og *Verndarar barna* – forvarnaverkefni gegn kynferðisofbeldi. Ný útgáfa námsefnis *Verndara barna* kom út á árinu og umsvíf verkefnisins jukust. Gengið var til samnings við KSÍ sem felur í sér námskeið og fyrirlestra til þjálfara og annars starfsfólks knattspyrnufélaga um land allt auk þess sem sífellt fleiri sem starfa á einhvern hátt í þágu barna og ungmenna sóttu námskeið og fyrirlestra. *Vináttuskólum* fór fjölgandi auk þess sem aukin áhersla var lögð á að styðja við þá skóla sem nú þegar vinna með námsefnið.

*SKOH! Hvað er ofbeldi?* er nýtt verkefni sem sett var á lagginnar og snýr að fræðslu um kynheilbrigði, samskipti og mörk og er ætlað börnum á aldrinum 10-18 ára. Mikil eftirspurn var eftir fræðslunni í grunnskólum um land allt.

Tilkynningar til Ábendingalínunnar margfölduðust á árinu en samtals bárust 2.366 tilkynningar samanborið við 128 árið á undan. Þar af voru 1.396 tilkynningar sem vörðuðu kynferðisofbeldi gegn börnum á neti.

Gerðar voru umsagnir um 24 lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir á árinu 2022. Til Barnaheilla leituðu 45 aðilar ráðgjafar vegna mála af ýmsum toga, s.s. forsjármála, eineltismála eða grunsemda um vanrækslu eða ofbeldi.

Viðurkenning Barnaheilla var að venju veitt við hátíðlega athöfn í tengslum við afmælisdag Barnasáttmálans þann 20. nóvember. Össur Geirsson, skólastjóri Skólahljómsveitar Kópavogs hlaut Viðurkenninguna að þessu sinni fyrir að hafa í störfum sínum veitt miklum fjölda barna og ungmenna innblástur og hvatningu. Hann hefur óbilandi trú á ungu fólki og hefur einstakt lag á að laða fram það besta í hverju og einu barni. Hann leggur áherslu á samvinnu á meðal nemenda í störfum sínum og kallar fram jákvæðan aga, metnað og samkennd.

Barnaheill sáu um framkvæmd Dags mannréttinda barna eins og undanfarin ár og sem liður í auknu samráði við ýmsa hagsmunaaðila var boðað til fjölmenns samráðsfundar þar sem rætt var hvernig efla megi þennan dag í íslensku samfélagi. Tekin var sú ákvörðun að tengja daginn að þessu sinni við útgáfu lokaathugasemda barnaréttarnefndarinnar og gefa athugasemdirnar út í aðgengilegu formi.

Barnaheill tóku þátt í gerð viðbótarskýrslu félagasamtaka til Barnaréttarnefndar SP um framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi, endurgerð á fræðsluefni um Barnasáttmálann og mánaðarlegum greinaskrifum um ákvæði hans.

Hjólásöfnun Barnaheilla var haldin í ellefta sinn á vormánuðum. Að þessu sinni var um 300 hjólum úthlutað í samstarfi við félagsþjónustur, grunnskóla og félagasamtök og er þörfin fyrir hjól fyrir börn og ungmenni enn til staðar. Verkefnið hefur nú löngu sannað gildi sitt við að efla börn félagslega, líkamlega og andlega auk þess að stuðla að bætrri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð.

Barnaheill eiga sæti í Evrópuhópi Save the Children um fátækt barna. Á árinu 2022 var unnið að skýrslu um fátækt sem kom svo út í mars árið 2023. Samtökin taka þátt í velferðarvakt félags-



Ellen Calmon framkvæmdastjóri (frá 1. október), Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri (til 1. október).

og vinnumarkaðsráðuneytisins þar sem unnið er með málefni þeirra sem búa við fátækt.

Barnaheill skrifuðu í mars 2022 undir rammisamning við utanríkisráðuneytið um þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð. Rammisamningurinn sem nær til þriggja ára, 2022-2024, gjörbreytir landslagi erlendra verkefna hjá samtökunum. Úttekt var framkvæmd á verkefni Barnaheilla í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó í febrúar – mars 2022. Verkefnið miðast að því að vernda börn gegn ofbeldi, misnotkun, útskúfun og vanrækslu, auk þess að vernda börn fyrir því að vera neydd til að ganga til liðs við vígahópa og styðja við þau börn sem hafa þegar verið neydd til þess. Barnaheill sendu 7,5 milljónir úr Viðbragðssjóði Barnaheilla af söfnunarfé frá almenningi til að styðja við Úkraínu.

Verkefni Barnaheilla í Sierra Leóne lauk í september 2022 og framhaldsverkefni hófst þar í landi í október 2022. Markmið verkefnisins er að vernda börn á skólaaldri gegn öllu ofbeldi, sér í lagi gegn kynbundnu- og kynferðisofbeldi. Verkefnið er til þriggja ára.

Á aðalfundi Barnaheilla, 9. maí 2022 var ný stjórn Barnaheilla kjörin. Úr stjórn Barnaheilla gengu Anni Haugen, Elísa Ingólfsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson, Gná Guðjónsdóttir og Unnsteinn Manuel Stefánsson og er þeim þakkað fyrir þeirra störf í þágu samtakanna. Bergrún Íris Sævarsdóttir, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Pétur Óli Gíslason, Rakel Norðfjörð og Sólveig Rós Másdóttir tóku sæti í stjórninni.

Þá urðu einnig breytingar á starfsmannahaldi samtakanna. Af störfum létu Ágústa Marisdóttir, Birna Guðmundsdóttir og Sigríður Björnsdóttir og voru Ída Björg Unnarsdóttir og Agnes Ósk Egilsdóttir ráðnar til að leiðbeina á námskeiðum og Berglind Sigmarsdóttir ráðin í starf gjaldkera og þjónustufulltrúa. Þá tók Ellen Calmon við starfi framkvæmdastjóra af Ernu Reynisdóttur sem gegnt hafði starfinu í 10 ár.

Undir stjórn Ernu uxu samtökin og döfnuðu en fjöldi starfsfólks fór frá fjórum stöðugildum árið 2012 í rúm ellefu stöðugildi árið 2022. Fjöldi Heillavina sem styðja við starf samtakanna með mánaðarlegum framlögum margfaldaðist í tíð Ernu en á starfstíma hennar fóru árstekjur úr rúmunum 68 milljónum í rúmar 300 milljónir á ári. Erna sinnti starfi sínu af alúð og fagmennsku og naut mikils trausts starfsfólks og stjórna. Með einstökum leiðtogaþæfileikum náði Erna því besta fram í starfsfólki sínu og byggði upp samhentan og kraftmikinn starfsmannahóp sem vann saman að sameiginlegu markmiði og hafði ætíð hag samtakanna að leiðarljósi. Ernu eru þökkuað óeigingjörn störf í þágu samtakanna og henni óskað alls hins besta á nýjum starfsvettvangi.

Stjórnarfélagi, starfsfólki, sjálfböðaliðum og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands en síðustu misserin hafa erlend verkefni bæst við. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru leiðandi afl í að breyta viðhorfum og verklagi varðandi málefni barna. Framtíðarsýn Barnaheilla er heimur þar sem sérhvert barn hefur tækifæri til að lifa og þroskast, fær gæðamenntun, lifir öruggu lífi og hefur tækifæri til að segja sína skoðun og hafa áhrif á mál sem það varðar.

## ALMENN RÉTTINDABARÁTTA



### Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989, fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013, með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur einstaklinga sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáradilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna.

Námsvefurinn barnasattmali.is er rekinn í samstarfi Barnaheilla, UNICEF, Umboðsmanns barna og Menntamálastofnunar. Verkefnið var styrkt af ríkisstjórn Íslands.

Barnaheill og fleiri félög vinna saman að baráttu fyrir bættum réttindum barna undir nafninu Barnaréttindavaktin. Hópurinn vinnur saman að skýrslugerð um framfylgd mannréttinda barna og Barnasáttmálans. Barnaréttindavaktina skipa ásamt Barnaheillum, UNICEF á Íslandi, Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Öryrkjabandalag Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Ungmennafélag Íslands, Heimili og skóli og Samfés.

Á árinu 2022 voru skipaðir nýir Talsmenn barna á Alþingi en Barnaréttindavaktin hefur umsjón með því verkefni. Tilgangur verkefnisins er að auka vægi réttinda barna á Alþingi. Þingmenn sem gerast Talsmenn barna á Alþingi, undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir skuldbindi sig til að hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í störfum sínum á þinginu, leitist við að tileinka sér barnvæn sjónarmið og hafa hagsmuni barna í forgrunni við undirbúning mála og ákvarðanir.

### Dagur mannréttinda barna

Barnaheill hafa frá árinu 2016 séð um framkvæmd á Degi mannréttinda barna. Í þingsályktunartillögu félags- og barnamálaráðherra vorið 2021 um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að efla skuli þennan dag og gera honum hærra undir höfði og nýta daginn enn frekar við fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna. Stýrihópur stjórnarráðsins í málefnum barna mun framvegis vera framkvæmdaraðili dagsins í samstarfi við Barnaheill. Sem liður í auknu samráði við ýmsa hagsmunaaðila var boðað til fjölmenns samráðsfundar þar sem rætt var hvernig efla megi þennan dag í íslensku samfélagi. Tekin var sú ákvörðun að tengja daginn að þessu sinni við útgáfu lokaathugasemda barnaréttarnefndarinnar og gefa athugasemdirnar út í aðgengilegu formi.



### Fátækt barna á Íslandi

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsríkt líf og ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra.

Barnaheill hafa frá árinu 2013 tekið þátt í starfi Evrópuhóps Save the Children þar sem fátækt barna og félagslega einangrun í Evrópu hefur verið könnuð. Fjórar skýrslur hafa verið gefnar út af Evrópuhópnum og á árinu 2022 var unnið að skýrslu sem kom út í mars árið 2023.

Í skýrslunni kemur fram að 13,1% barna á Íslandi eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun og eitt af hverjum fjórum börnum í Evrópu. Þar kemur jafnframt fram að árið 2021 áttu 24,1% íslenskra heimila í erfiðleikum með að standa straum af daglegum útgjöldum og ná endum saman.

Samtökin taka þátt í velferðarvakt félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins þar sem unnið er með málefni þeirra sem búa við fátækt.

### Sjálfbærnistefna Barnaheilla og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Barnaheill hafa sett sér sjálfbærnistefnu sem nefnist *Ein jörð fyrir öll börn – um ókomna tíð*. Samtökin vilja með starfi sínu vinna gegn loftslagsbreytingum og annarri umhverfisvá sem bitnar á velferð barna og þeim réttindum sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa því sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í hverju verkefni sem unnið er í anda sjálfbærrar þróunar er hugað jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum. Barnaheill eiga fulltrúa í sjálfbærniáætlun og taka þátt í starfi ráðsins. Verkefni samtakanna eru kortlögð út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og verða þau enn frekar samþætt allri vinnu samtakanna á næstu misserum.

### HEILBRIGÐISMÁL



Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með lækniástoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

### Rekstur íbúðar Barnaheilla

Barnaheill eiga íbúð við Skúlagötu í Reykjavík, sem hefur verið ætluð fjölskyldum langveikra barna af landsbyggðinni.



Ellen Calmon, framkvæmdastjóri Barnaheilla, Össur Geirsson skólastjóri Skólahljómsveitar Barnaheilla, Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Harpa Rut Hilmarsdóttir stjórnarformaður Barnaheilla.

Barnaspítali Hringins hefur haft umsjón með notkun hennar og útleigu en því samstarfi lauk á árinu. Vegna upphaf stríðsins í Úkraínu barst samtökunum beiðni frá Reykjavíkurborg á vormánuðum um að fá afnot af íbúðinni og var tekin ákvörðun um að leigja íbúðina til eins árs til úkraínskrar fjölskyldu.

## MÁLVARAHLUTVERK BARNHEILLA

Barnaheill taka virkan þátt í lýðræðislegri umræðu og er málvarahlutverkið mikilvægur liður í starfi samtakanna í þágu barna. Barnaheill þrýsta á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Á árinu 2022 vöktu Barnaheill sérstaklega máls á afdrifum fósturbarna í samvinnu við UNICEF, SOS og Félag fósturforeldra. Önnur málefni sem samtökin lögðu áherslu á voru fátækt, opinber umfjöllun um börn, fæðingarorlofsfrumvarpið, persónuvernd og friðhelgi einkalífsins, birting dóma, heimanám og loftslagsmál.

Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis og í samráðsgátt stjórnvalda um

lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna hér á landi sem og erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Á árinu 2022 sendu samtökin frá sér alls 24 umsagnir. Allar umsagnir Barnaheilla má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum *Starfið okkar - Gætum réttinda barna*. Samtökin senda einnig reglulega greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að.

### Ráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er ráðgjöf þar sem börn og fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Á árinu 2022 bárust 45 erindi. Málin voru af ýmsum toga og vörðuðu m.a. börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi, netöryggi barna, forsjármál, umgengismál, eineltismál, grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

### Viðurkenning Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Viðurkenning Barnaheilla er veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann

20. nóvember ár hvert. Frá árinu 2002 hafa samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er veitt til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna.

Árið 2022 hlaut Össur Geirsson, skólastjóri Skólahljómsveitar Kópavogs viðurkenninguna. Össur hefur í störfum sínum veitt miklum fjölda barna og ungmenna innblástur og hvatningu. Hann hefur óbilandi trú á ungu fólki og hefur einstakt lag á að laða fram það besta í hverju og einu barni. Hann leggur áherslu á samvinnu á meðal nemenda í störfum sínum og kallar fram jákvæðan aga, metnað og samkennd.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður Barnaheilla, flutti ávarp og tilkynnti hver hlyti viðurkenninguna. Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti ávarp og afhenti viðurkenninguna. Bergrún Íris Sævarsdóttir, stjórnarmaður í stjórn Barnaheilla stýrði athöfninni.

## FRÆÐSLA OG FOR- VARNIR



Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum barna. Námsfólk, skólar, önnur samtök og opinberir aðilar leita til Barnaheilla eftir upplýsingum og fræðslu.

## KYNNINGARSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og greinar frá Barnaheillum eru birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook. Samtökin halda úti öflugum samfélagsmiðlum á Facebook, Instagram, YouTube og hafa nýverið opnað TikTok reikning með það að markmiði að ná frekar til yngri kynslóða.

## FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna. Á vefsíðu samtakanna, [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is), er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum.

Í samvinnu við Umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Menntamálastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Á vefnum er að finna fræðslu um mannréttindi barna. Þar er Barnasáttmálinn birtur með barnvænum texta, hann er táknaðstúlkaður og á vefnum er vefpula sem hentar blindum og sjónskertum. Vefurinn hefur jafnframt að geyma Barnasáttmálann á mörgum erlendum tungumálum auk heildartexta Barnasáttmálans. Vefurinn er að hluta til þýddur á ensku og pólsku og er það gert til að höfða til foreldra barna á Íslandi með annað móðurmál en íslensku.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa út fræðsluefni sem afhent er foreldrum í ung- og smábarnavernd. Annars vegar er um að ræða veggspjald um slysavarnir barna sem nefnist *Örugg börn* og hins vegar bókina *Þetta er líkaminn minn* sem fjallar um einkastaði líkamans og rétt barna til að setja sér mörk þegar kemur að eigin líkama. Í lok árs 2022 gáfu Barnaheill út nýja bók sem dreift er í ungubarnavernd heilsugæslustöðva, bókina *Líkaminn minn fyrir 0-6 ára*. Fulltrúar Barnaheilla fara víða með fræðsluerindi um mannréttindi barna, forvarnir og vernd gegn ofbeldi.

## VERND BARNNA GEGN OFBELDI



Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og gert fræðsluefni þar að lútandi.

## ÁBENDINGALÍNA

## BARNAHEILLA

Frá árinu 2001 hafa Barnaheill rekið Ábendingalínu um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu sem varðar börn, í samstarfi við Ríkislögreglustjóra. Á árinu 2022 stóðu samtökin fyrir kynningarherferð í samvinnu við börn og ungmenni sem bar heitið #kommentsens en hún hófst á Alþjóðlega netöryggisdaginn 8. febrúar. Herferðinni var ætlað að hvetja til góðra samskipta á milli barna og unglinga á samfélagsmiðlum.

Fjöldi tilkynninga til Ábendingalínunnar margfaldaðist á árinu en alls bárust 2366 tilkynningar samanborið við 128 árið áður, þar af voru 1396 sem vörðuðu kynferðisofbeldi gegn börnum á neti.

Ábendingalínan er hluti af SAFT verkefninu sem er í samvinnu við Heimili og skóla og Rauða krossinn sem rekur Hjálparsímann 1717. Barnaheill eru meðlimir í INHOPE, regnhlífasmötökum ábendingalína um allan heim. Með þátttöku í þeim samtökum taka Barnaheill þátt í að vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á neti hvar sem er í heiminum. Á hverju ári berast yfir hundrað þúsund tilkynningar til ábendingalína innan INHOPE.

Fulltrúi Barnaheilla á sæti í stjórn samtakanna, til ársins 2024.



## VINÁTTA – FRI FOR MOBBERI

Barnaheill hafa frá árinu 2014 verið í samstarfi við Mary Fonden og systur-samtökin Red barnet – Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu *Fri for mobberi*, forvarnaverkefni gegn einelti í leikskólum, frístundaheimilum og yngstu bekkjum grunnskóla. Á Íslandi fékk námsefnið heitið *Vinátta*. Fyrst kom út námsefni fyrir börn 3ja-6 ára í leikskóla, síðan fyrir börn yngri en þriggja ára og á árinu 2020 kom út endurbætt efni fyrir 1.- 4. bekk grunnskóla og frístundaheimili eftir þróunarvinnu frá árinu 2017.



Mikil ánægja er með *Vináttu* hjá þeim skólum sem nýta efnið og eflir *Vináttu* bæði félagsfærni barna og samkennd.

Barnaheill héldu fjölda námskeiða *Vináttu* fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla auk frístundaheimila. Ráðstefna var haldin um einelti og *Vináttu* á Grand hótél í nóvember þar sem meðal annars var fjallað um hvaða áskoranir eru í samfélaginu, hvernig best sé að koma í veg fyrir einelti og bregðast við því þegar það hefur átt sér stað. Forseti Íslands ávarpaði ráðstefnuna og var námsefni og hugmyndafræði *Vináttu* kynnt vel.

- 250 sóttu námskeið *Vináttu* fyrir leikskóla
- 180 sóttu námskeið *Vináttu* fyrir grunnskóla og frístund
- 300 kennarar og annað starfsfólk í leik- og grunnskólum fengu kynningu á *Vináttu*
- 140 foreldrar fengu fræðslu um hvernig þeir geta stuðlað að góðum samskiptum
- 167 eða um 65% leikskóla á Íslandi vinna með *Vináttu*
- 30% grunnskóla eru *Vináttuskólar*
- 12 frístundaheimili nota námsefni *Vináttu* í sínu starfi

## VERNDARAR BARNA

Markmið *Verndara barna* er að vernda börn gegn kynferðisofbeldi og skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn. Með fræðslu til fagaðila, kennara og annarra sem annast og sinna börnum bjóðast góðar og gagnlegar leiðir til að vernda börnin. Með fræðslu er stuðlað að aukinni þekkingu allra um gildi og mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi.

## NÁMSKEIÐ

Viðamesta verkefnið undir hatt *Verndara barna* er samnefnt námskeið. Markmið námskeiðsins er að kenna leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Leiðirnar felast í mikilvægum skrefum til að auka vitneskju um það hvernig megi koma í veg fyrir ofbeldi, hvaða vísbendingar og einkenni geta bent til að barn er að verða fyrir slíku ofbeldi og hvernig bregðast megi við, ásamt upplýsingum um hvernig tilkynna á um grun um ofbeldi.



Fræðsluefni sem fylgir námskeiðinu inniheldur myndefni og vinnubók. Efnið er byggt á nýlegum íslenskum og erlendum rannsóknum. Í myndefninu koma fram sérfræðingar sem starfa með börnum auk þolenda sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Rannsóknir á eldra efni sem notað var á námskeiðunum sýna að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er viðkemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlotið þjálfun. Rannsókn sem var gerð 2021 og birt á *Verndara barna 2* sýnir sömu niðurstöður. Í ágúst 2022 var *Verndara barna 3* tekið í notkun.

Fræðsla til fullorðinna fer að mestu fram meðal starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins. Vegna Covid-19 fluttust námskeið *Verndara barna* yfir á Teams og gekk það vonum framár. Ákveðið var að halda áfram að bjóða upp á *Verndara barna* á Teams, sérstaklega fyrir þátttakendur á landsbyggðinni. Megin áhersla er þó enn lögð á að vera með námskeið á sama stað og þátttakendur eru.

Samstarf milli Barnaheilla og KSÍ hófst formlega í október 2022. Í þessu samstarfi felst að Barnaheill sinna fræðslu til allra aðildarfélaga KSÍ á landinu. Fræðslan felst í námskeiðinu *Verndara barna*. Námskeiðið er opið öllum sem tengjast knattspyrnu, þ.e. foreldrar, sjálfboðaliðar, stjórn og starfsmenn félaganna auk þjálfara. Heildarfjöldi þeirra sem fengu fræðslu 2022 var 3.198 sem skiptist á eftirfarandi hátt:

- 442 fullorðnir gerðust *Verndara barna* með því að sækja samnefnt námskeið.
- 30 aðilar fengu handleiðslu og ráðgjöf.

- 253 fullorðnir hlýddu á fyrirlestur um forvarnir og viðbrögð vegna kynferðisbrota.
- 92 fullorðnir mættu á kvöldfundi foreldra.
- 2.356 börn í þriðja bekk í grunnskólum sáu fræðslumyndina *Leyndarmálið*.
- 25 fullorðnir sátu kynningu á verkefnum *Verndara barna*.



## SKOH - HVAÐ ER OFBELDI?

Á árinu 2022 var fræðslan *SKOH - Hvað er ofbeldi?* mótuð og prufukeyrð í þremur skólum að vori og að hausti var fræðslan seld í 9 skóla víðsvegar um landið. Markmið fræðslunnar er að eiga samræður um ofbeldi í öruggu umhverfi með áherslu á að styrkja sjálfsmynd, æfa mörk og auka almenna þekkingu og skilning á ofbeldi. Fræðslan er ætluð fyrir nemendur í 5. - 10. bekk grunnskóla þar sem áherslan er á annars vegar einelti og hins vegar kynferðisofbeldi. Verkefnið er byggt á hugmyndafræði *Vináttu* og *Verndara barna* og farið er yfir hvað hægt er að gera ef grunur vaknar um eða tilkynna þarf ofbeldi.



## ÁHRIFAMÁTTUR BARNA



Ungmennaráð Barnaheilla var ekki virkt á árinu. Meðal annars hafði COVID-19 áhrif á starfseminu.

## INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í viðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi. Samtökin starfa í nánun samstarfi við Barnaréttindavaktina, óformlegan samstarfsvettvang niú félagasamtaka sem öll starfa að bættum réttindum barna. Félögin eru Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Heimili og skóli, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn, Samfés, Ungmennafélag Íslands, UNICEF á Íslandi, Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands.

Meðal verkefna Barnaréttindavaktarinnar eru sameiginleg skýrsluskil til Barnaréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og verkefnið Talsmenn barna á Alþingi.

Barnaheill hafa tekið þátt í starfi velferðarvaktar félags- og vinnuþarfaáráðuneytisins frá stofnun hennar árið 2009 og eiga samtökin fulltrúa í báðum samráðshópum vaktarinnar. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitsgjafi á sviði velferðarmála.

Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannuáarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslensku þróunarsamvinnu. Barnaheill eru einnig aðilar að Almannaheillum – samtökum þriðja geirans.

## SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu. SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og unglunga á Íslandi. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn á Íslandi.

Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins og hjálparsími Rauða krossins 1717.is annar, en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun.



## SAMAN-hópurinn

Barnaheill eiga aðild að SAMAN-hópnum. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru.

## Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn *Náum áttum* skipuleggur morgunverðarfundir um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstöðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2022 var samþætt þjónusta í þágu farsældar barna, samstaða foreldra, skilnaðir og áhrif á börn og skóli fyrir öll börn.

## Hjólasöfnun

Hjólasöfnun Barnaheilla var haldin ellefta árið í röð í samvinnu við Æskuna, barnahreyfingu IOGT og endurvinnslustöðvar SORPU. Markmið hjólasöfnunarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist hjól og geti þar með verið þátttakendur í samfélagi barna með auknum hætti og að þau eflist þar með félagslega og heilsufarslega, jafnt líkamlega sem andlega. Að auki getur verkefnið stuðlað að valdeflingu barna, bættu umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð. Hjólasöfnunin hófst formlega þann 19. mars í móttökustöð SORPU við Sævarhöfða. Það var umsjónarmaður Krakkafrétta á Rúv, Kolbrún María Másdóttir sem afhenti fyrsta hjólið í söfnunina

og tók Alba Davíðsdóttir Lamude á móti fyrsta hjólinu fyrir hönd barna.

Hjólum var safnað á móttökustöðvum SORPU sem eru um allt höfuðborgarsvæðið og þaðan voru þau sótt á verkstæði sem við höfðum að þessu sinni í rými í Toppstöðinni á Rafstöðvavegi sem Reykjavíkurborg á.

Sjálfbóðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Hjólunum var úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélaga, grunnskóla, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Rauða krossinn, Kvænnaathvarfið og Hjálparstarf kirkjunnar. Um 500 hjól söfnuðust og um 300 hjólum var úthlutað. Margir komu að stuðningi við verkefnið og má þar nefna Eimskip Flytjanda, Dominos, Bílaleigu Akureyrar, Samkaup, Ölgerðina, N1, Fossberg og Kiwanis í Hafnarfirði.

## Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mannsals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, meðal annars í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu.

Frá árinu 2013 hefur einkum verið samstarf um málefni barna sem búa við fátækt og félagslega einangrun og skýrslur gefnar út árin 2014, 2016 og 2021.





Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Reykjavíkurdætur og Guðrún Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri Verndara barna.

## ÚT AÐ BORÐA FYRIR BÖRNIN

Árlegt fjáröflunaráttak Barnaheilla, *Útaðborða fyrir börnin* fór fram í tólfta sinn frá 15. febrúar til 15. mars. Heimsfaraldurinn setti töluvert strík í reikninginn en þrátt fyrir það söfnuðust um 2,4 milljónir þetta árið. Að vanda rann söfnunarféð í verkefni Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

## LANDSSÖFNUN

Í apríl á hverju ári standa Barnaheill fyrir landssöfnun til að halda áfram baráttunni fyrir vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Með söfnuninni er einnig vakin athygli á alvarleika kynferðisbrota á börnum og mikilvægi þess að gæta velferð barna í hvívetna. Landssöfnun Barnaheilla var haldin í þrettánda sinn og hóf forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, söfnunina árið 2022 líkt og síðustu ár ásamt Reykjavíkurdætrum að þessu sinni. Söfnunarfé landssöfnunarinnar rann til forvarnaverkefnisins *Verndara barna*.



## HAUSTSÖFNUN

Haustsöfnun Barnaheilla 2022 er árlegt fjáröflunaráttak til styrktar þróunarverkefni Barnaheilla í Síerra Leóne. Söfnunin var haldin í annað sinn og stöð yfir í 10 daga frá 25. ágúst til 5. september. Söfnunin gekk vonum frammar, þar sem tæplega 10.000 armbönd voru seld víða um land og í vefverslun Barnaheilla.



Ljós sem selt var í landssöfnun Barnaheilla 2022

## HEILLAGJAFIR

Jólasala Heilagjafa var haldin í þriðja sinn árið 2022. Sala á Heilagjöfum er fjáröflunarleidd til styrktar erlendu starfi Barnaheilla. Heilagjafir stuðla að bættari heilsu, öryggi og menntun barna sem búa við erfiðar aðstæður í þeim löndum sem Barnaheill – Save the Children starfa.



## JÓLAKORT

Sala jólakorta og merkimiða er afar mikilvæg fjáröflunarleidd fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Í ár voru eldri jólakort seld ásamt merkimiðum sem var nýjung.

# Erlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka virkan þátt í mannúðar- og þróunarstarfi alþjóðasamtakanna. Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children byggjast á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum og beinast að forvörnum og viðbrögðum við ofbeldi á börnum. Barnaheill skrifuðu í mars 2022 undir rammisamning við utanríkisráðuneytið um þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð. Rammisamningurinn sem nær til þriggja ára, 2022-2024, gjörbreytir landslagi erlendra verkefna Barnaheilla.

## MANNÚÐARAÐSTOÐ BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI



Úttekt var framkvæmd á verkefni Barnaheilla í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó í febrúar – mars 2022. Verkefnið styður við börn og fjölskyldur þeirra í Suður Kivu í Lýðstjórnarveldinu Kongó. Verkefnið miðast að því að vernda börn gegn ofbeldi, útskúfun og vanrækslu, auk þess að vernda börn fyrir því að vera neydd til að ganga til liðs við vígahópa og styðja við þau börn sem hafa þegar verið neydd til þess. Verkefnið miðar að því að ná þessu fram með því að styðja við barnvæn svæði og samfélagslegaleidda barnavernd og bjargráð. Verkefninu lauk í lok mars 2022 og er heildarkostnaður þess tæpar 32 milljónir.

Barnaheill sendu 7,5 milljónir króna í Viðbragðssjóð Barnaheilla af söfnunarfé frá almenningi til að styðja við Úkraínu.



## ÞRÓUNARSAMVINNA BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI

Verkefni Barnaheilla í Sierra Leóne lauk í september 2022 og framhaldsverkefni hófst þar í landi í október 2022. Markmið verkefnisins er að vernda börn á skólaaldri gegn öllu ofbeldi, sér í lagi gegn kynbundnu- og kynferðisofbeldi. Verkefnið er til þriggja ára og er fjármagnað af rammisamningi við utanríkisráðuneytið.

Barnaheill framkvæmdu á árinu hagkvæmnisathugun á mögulegu samstarfi við Barnaheill í Líberíu. Hugmyndin var að framkvæma álíka verkefni í Líberíu og samtökin hafa stutt við í Sierra Leóne. Niðurstöður þeirrar athugunar leiddu hins vegar í ljós að þörf er á uppbyggingu landsskrifstofunnar í Líberíu áður en eiginlegt verkefni getur litið dagsins ljós í landinu.

## SKÝRSLUR ALÞJÓÐASAMTAKANNA

Á árinu 2022 gáfu alþjóðasamtök Barnaheilla - Save the Children út fjölda skýrslna.

Þar á meðal skýrsluna *Kostnaður vegna aðgerðaleyfis (Cost of inaction)* sem fjallar um neyðina sem ríkir í heiminum í dag. Þar kom m.a. fram að 180 milljónir manna búa við hungursneyð, þar af er áætlað að í Eþíópíu, Keníu og Sómalíu deyi einstaklingur á 48 sekúndna fresti vegna hungurs.

Covid-19, loftslagsbreytingar, verðbólga og yfirstandandi átök í Úkraínu hafa einnig haft áhrif á líf barna út um allan heim. Í skýrslunni kemur fram að við höfum ekki efni á því að bíða með aðgerðir og er mikilvægt að brugðist sé strax við.

Samtökin gáfu einnig út skýrsluna *Before it's too late. Responding to a Perfect Storm for Children* þar sem fjallað er um viðbragðsáætlun Barnaheilla – Save the Children. Í skýrslunni áætluðu Barnaheill – Save the Children að 274 milljónir manna þyrftu á neyðaraðstoð að halda á árinu og var markmið samtakanna að safna einum milljarði bandaríkjadollara til að bregðast við neyð.



Marie, 15 ára,  
býr í Pujehun héraði  
í Sierra Leóne.



## ERLENT SAMSTARF



Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International að mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri helstu fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem þau standa fyrir.

Á hverju ári er haldinn fundur með forsvarsmönnum landssamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2022, Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður stjórnar Barnaheilla sótti fundinn sem var haldinn á Spáni. Þátttaka á ársfundum er afar mikilvæg. Þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og upplýsandi fram og þar skapast auk þess tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni sem varða réttindi og velferð barna.

Á árinu 2020 hófst 5 ára samstarfsverkefni Barnaheilla - Save the Children Albaníu, Sviss og Íslands, um að innleiða forvarnir gegn lífsstílsjúkdómum í Albaníu. Litið er til Íslands um ráðgjöf og fræðslu um íslenska forvarnamódelið og jafnframt notast við heildrænt heilsueflandi hugmyndakerfi

sem Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) hefur þróað, en það er jafnframt nýtt á Íslandi í formi „Heilsueflandi“ verkefna sem stýrt er af Embætti landlæknis.

Barnaheill fengu fulltrúa frá Heimili og skóla, Embætti landlæknis, SAMFOK og Heilsugæslunni til þátttöku í samstarfinu. Reynsla og þekking frá Íslandi mun vonandi nýtast til að byggja upp heilsueflandi samfélag í Albaníu fyrir börn til framtíðar.

Í apríl 2022 komu fulltrúar Save the Children í Albaníu í heimsókn til Barnaheilla og fengu þau fræðslu um forvarnir og heilsueflingu á Íslandi frá hinum ýmsu aðilum sem veittu verkefninu stuðning með kynningum á starfsemi sinni og verkefnum.


## TEKJUR OG GJÖLD 2022

Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru samtals 300 milljónir. Um 48% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjárafana. Starfsemi Barnaheilla gekk vel að því leiti til að fjáraflanir skiluðu betri innkomu á árinu en undanfarin ár. Einnig höfðu rammameningar við utanríkisráðuneytið áhrif á umfang reksturs og starfsemi samtakanna erlendis. Árið var frábrugðið undanförunum árum þar sem framkvæmdastjórnarskipti áttu sér stað á haustmánuðum auk þess sem þrír nýir starfsmenn voru ráðnir.


Rekstrargjöld voru um 322 milljónir, þar af runnu tæplega 70% beint í verkefni samtakanna. Tap ársins með fjármagnsliðum var því um 23,2 milljónir (2021: neikvætt um 9,3) sem má að mestu rekja til aukins stjórnunar- og launakostnaðar. Auk þess sem ekki náðist að tryggja fjáröflun innlendra verkefna samtakanna á árinu.

Áritun endurskoðanda samtakanna á ársreikningi segir til um að samtökin séu rekstrarhæf um fyrirsjáanlega framtíð

### SKIPTING TEKNA



### SKIPTING GJALDA







## Barnaheill

Stjórn og starfsfólk Barnaheilla  
- Save the Children á Íslandi  
þakka öllum þeim sem hafa lagt  
samtökunum lið á árinu 2022.

Sérstakar þakkir fá þau ráðuneyti  
sem hafa stutt við einstök verkefni samtakanna  
og Heillavinir sem leggja samtökunum lið  
með mánaðarlegum framlögum.

Með stuðningnum  
er samtökunum gert kleift  
að vinna mikilvægt starf í þágu barna.